



Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis

21. nóvember 2007

Efni: Umsógn – Tillaga til þingsályktunar um aukinn  
þorskafli á fiskveiðiarinu 2007-2008

Landssamband smábátæigenda (LS) er sammála efni þingsályktunar.

Á 23. aðalfundi LS sem haldinn var 18. og 19. október sl. var mikið fjallað um málefni sem nátengd eru efni þingsályktunarinnar. Eftirfarandi ályktanir sem tengjast efni hennar voru samþykktar:

Landssamband smábátæigenda

- mótmælir niðurskurði á þorskkvótanum. Ekki hefur orðið vart við neinn skort á þorski, engin ástæða er því til að setja útgerðir og sjávarþorp í uppnám vegna vafasamra vísindaaðferða.
- leggur til að þorskveiðiheimildir verði auknar samhliða því að dregið verði úr loðnuveiðum.
- krefst endurskoðunar á togararallinu.  
Greinargerð: Trolað er á svæðum sem enginn fiskur hefur haldið sig í mörg ár. Gefur það skakka niðurstöðu og kemur í veg fyrir efnahagslegan ávinning fyrir alla þjóðina.
- mótmælir öfgafullri ákvörðun ríkisstjórnarinnar um niðurskurð þorskveiðiheimilda um þriðjung. LS leggur til að ákvörðunin verði endurskoðuð á grundvelli upplýsinga sem komið hafa fram og stangast á við skoðanir Hafrannsóknastofnunarinnar á ástandi stofnsins.<sup>1</sup>  
Auk þess skuli þorskveiðiheimildir auknar samhliða því að dregið verði úr loðnuveiðum.

Auk framangreindra samþykktar er afstöðu LS, til þriðjungs skerðingar í þorski og þar með því málefni er þingsályktunin felur í sér, lýst með skýrum hætti hjálagðri aðalályktun fundarins.

LS vill láta í ljóst ánægju sína með greinargerð þingsályktunarinnar, telur hana yfirgripsmikla og vel unna. Efni hennar endurspeglar einnig afar vel sjónarmið sjómanna á smábátum á ástandi þorsksins.

Auk þess sem hér hefur komið fram væri með auknum þorskveiðiheimildum létt sókninni í minnsta þorskinn, þar sem hann veiðist í auknum mæli þegar ofuráhersla er lögð á

<sup>1</sup> Sjá hjálagt ftarefni sem vitnað er til –  
úr ræðu framkvæmdastjóra LS Arnar Pálssonar.

ýsuveiði nálægt landi. Með auknum þorskveiðiheimildum gæti flotinn fært sig fjær landi við ýsuveiðar þar sem vænni þorsk er að fá en að sama skapi lægra hlutfall af ýsu í aflanum.

LS hvetur sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis til veita þingsályktun um aukinn þorskafla á yfirstandandi fiskveiðarári farsælt brautargengi. Með því væri komið til móts við gríðarlega erfiðleika sem nú blasa við í útgerð smábáta.

**Virðingarfyllt**  
f.h. Landssambands smábátaeigenda



---

Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Hjálagt:

Aðalályktun 23. aðalfundar LS  
Útdráttur úr ræður Arnar Pálssonar



## 23. aðalfundur Landssambands smábátæigenda

haldinn í Reykjavík 18. og 19. október 2007

### Samþykktir fundarins

#### Aðalályktun

Landssamband smábátæigenda lýsir miklum áhyggjum yfir þeirri ákvörðun Hafrannsóknastofnunarinnar og í kjölfarið stjórnvalda að hafa að engu reynslu, skoðanir og tillögur smábátæigenda sem og fjölmargra starfsbræðra þeirra á stærri skipum flotans varðandi ástand þorsstofnsins.

Í stað þess að leita skýringa á því hvers vegna gjáin breikkar sífelld milli vísindamanna og reynslu þeirra sem starfa á vettvangi, eru sjónarmið hinna síðarnefndu troðin í svaðið og „fiskifræði sjómannsins” gerð að skammaryrðum sem standi fyrir græðgi og óábyrgni. Fátt er fjær sanni. Fiskifræði sjómannsins lítur að öllum þeim þáttum er varða fiskveiðarnar, s.s. gerð veiðarfæra, svæðisskiptri nýtingu og friðun miða, samspil ætis og fiskistofna sem og annarra umhverfisþátta. Stundum er niðurstaða fiskimanna sú að rétt sé að veiða meira – en stundum minna. Það síðarnefnda er sjaldnast fréttæfni.

Bent skal á að fjölmargir veiðimenn hafa til langs tíma krafist þess að loðnuveiðar verði annað hvort stöðvaðar, dregið verulega úr þeim eða núverandi veiðarfærabeitingu breytt verulega. Þá krefst Landssamband smábátæigenda þess að samspil loðnu- og rækjuveiða verði rannsakað í tengslum við ætisþörf og -leit þorsksins. Fram til þessa hefur verið skellt skollaeyrum við þessari „fiskifræði sjómannsins”. Í áratugi var farið í einu og öllu eftir tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar varðandi rækjuveiðar í Húnaflóa. Rækjuveiðarnar á svæðinu undir þessari strangvísindalegu stjórnun eru nú rjúkandi rústir.

Landssamband smábátæigenda telur aðferðafræði stofnunarinnar (togararallið) ónýta mælistiku sem hvorki getur mælt stærð þorsstofnsins né fjölda nýliða. Það er t.d. staðreynd að sáralítil hluti togstöðvanna er innan 12 mílna lögsögunnar þar sem stærstur hluti þorsstofnsins elst upp og heldur sig.

Skyndilokanir vegna smáþorsks hafa aldrei verið fleiri en á yfirstandandi ári. Þetta stingur gjörsamlega í stúf við fullyrðingar um lélega nýliðun. Hingað til hefur Hafrannsóknastofnunin ekki séð ástæðu til að útskýra þessa þverstæðu.

Þeirri spurningu er einnig ósvarað hvers vegna veigaminnstu veiðarfærin sem notuð eru af íslenskum fiskimönnum ná dag eftir dag, mánuð eftir mánuð og ár eftir ár að veiða meira á hverja úthaldseiningu en þegar þorsstofninn átti að vera, samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunarinnar, margfalt stærri. Sú skýring stofnunarinnar að þorskurinn sé svo „veiðanlegur” er herfileg móðgun við heilbrigða skynsemi og á ekkert skylt við vísindalega nálgun. Myndu þær skýringar veiðimanna, eftir langvarandi lélega veiði, teknar gildar að nóg væri af fiski en „veiðanleikinn” í lágmarki?



Landssamband smábátæigenda krefst þess að reynsla veiðimanna og tillögur þeirra fái vægi í ákvarðanatöku varðandi leyfilegan heildarafla. Allt tal um samráð og samvinnu við þá hefur nú opinberast sem hrein látalæti sem engu skipta.

Smábátaútgæðin er sá hluti útgæðarinnar sem tekur mestan skellinn af samdrætti í þorskveiðiheimildum. Það er því að nudda salti í sárin að nú þegar hafa verið opnuð viðkvæm svæði fyrir botndregin veiðarfæri á nokkrum stöðum við landið. Landssamband smábátæigenda skorar á hstv. sjávarútvegsráðherra að stöðva þessa þróun nú þegar.

Hinn svokallaði „flati“ niðurskurður í þorskveiðiheimildum er síður en svo flöt skerðing í heildartekjum hinna ýmsu útgæða. Þannig eru þeir sem hafa nánast allar veiðiheimildir sínar í þorski – sem á við um stærstan hluta smábátafloðans og sér í lagi þá sem stunda handfæraveiðar – að verða fyrir mun meiri búsigjum en stórútgæðafyrirtæki með blandaðar veiðiheimildir. Það er krafa Landssambands smábátæigenda að mótvægisáðgerðir stjórnvalda taki tillit til þessarar staðreyndar.

Smábátaútgæðin er burðarás fjölmargra sjávarbyggða. Sú mikla tekjuskerðing sem nú blasir við er jafnframt áfall fyrir byggðirnar. Framundan er varnarbarátta, en það er bjargföst sannfæring Landssambands smábátæigenda að æ háværi kröfur á alþjóðavettvangi um vistvænar veiðar og hágæða hráefni muni reynast búbot sem um munar. Framhjá þessum staðreyndum geta hvorki stjórnvöld né aðrir litið.

-----

### Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar

Fuliyrða má að trillukörlum var brugðið þegar Hafrannsóknastofnun tilkynnti ráðgjöf um heildarafla fyrir yfirstandandi fiskveiðiár. Kannski ekki við að heyra samdrátt um 4,8% í ýsu, 6,3% í ufsa og 3,8% í steinbít, en þegar kom að þorskinum þá gripu menn andann á lofti. 63 þúsund tonn, þriðjungur skerðing.

Ekkert slíkt hafði nokkrum viðmælenda minna látið hvarfla að sér. Aflabrogðin báru þess ekki merki.

Ástandið á fiskinum báru þess ekki merki.

Hvað sér Hafró sem við sjáum ekki? Menn gruflluðu aftur í tímann, í afladagbækur sínar. Ekkert, nákvæmlega ekkert, gaf það til kynna að nauðsynlegt væri að skerða svo mikið. Þá spurðu menn sig einnig þeirra spurninga hvaða árangur væri af niðurskurðinum. Í það minnsta var Hafrannsóknastofnun sjálf ekki viss. Í ástandsskýrslu stofnunarinnar segir eftirfarandi:

„Ef núgildandi aflareglu verður áfram fylgt er líklegast að viðmiðunarstofn og hrygningarstofn haldist óbreyttur að stærð á komandi árum“

Fundarmenn góðir – ég endurtek.....

Og ég spurði mig hvað er að? Hvers vegna á að fara að hringla í aflareglunni eitt árið enn? Aflaregla sem sett var fyrir ári?

Jú, mér var bent á svarið.

Lestu áfram!

„Að teknu tilliti til óvissu í stofnmati eru hins vegar verulegar líkur á að stofninn fari undir sögulegt lágmark ef áfram verður veitt samkvæmt núgildandi aflareglu.“

Var ég einhverju nær?

Nei – orðið „óvissa“, sagði mér að hugsa málið og niðurstaðan var svo fengin með því að taka tillit til frásagna ykkar af ástandi miðanna, hún var skýr, ekki kvika frá aflareglunni sem gaf 178 þúsund tonn. Með þeirri ákvörðun var einnig hægt að benda á að fullrar varúðar væri gætt.

Stjórn LS var boðuð til fundar. Á fundinn komu sjávarútvegsráðherra og sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar. Stjórnarmenn spurði fjölmargra spurninga. Að mati stjórnar LS kom ekkert fram hjá sérfræðingunum sem kallaði á svo mikinn niðurskurð. Þá fannst stjórn LS það skjóta skökku við að netarall og afladagbækur höfðu ekki verið lagðar til grundvallar við ákvörðunina, heldur vigtaði togararallið 100% í ákvarðanatökunni.

Í máli sjávarútvegsráðherra kom fram að hann ætlaði að gefa sér góðan tíma til ákvarðanatöku, á honum var þó að skilja og tók hann það skýrt fram að í gildi væri aflaregla og eftir henni ætti kvóti næsta árs að skerðast um 7,8%.


Fundi stjórnarinnar lauk með því að ítrekuð var fyrri samþykkt stjórnar að bætt yrði við kvótann og hann færi í 220 þúsund tonn, sem var 14% hækkun.

Nánar er skýrt frá þessum fundi í Brimfaxa sem er í möppum ykkar.

Hafin var kynning á sjónamiðum LS. Gengið var á fund sjávarútvegsráðherra, sjávarútvegsnefndar Alþingis og forsætisráðherra. Gögn þau sem lögð voru fram vöktu framangreinda aðila til umhugsunar. Mörgum spurningum var ósvarað eftir kynninguna og er sumum þeirra enn ósvarað hjá Hafrannsóknastofnun. Þá hafið þið félagsmenn góðir séð kynninguna á fundum í svæðisféiðgum ykkar nú að undanförmu. Skemmst er frá því að segja að engar gagnrýnisraddir hef ég heyrt frá ykkur sérfræðingunum. Því held ég ótrauður áfram, nestaður með hvatningu frá ykkur, að hvetja stjórnvöld til að koma að ráðgjöfinni á nýjan leik og fara yfir gögn sem Hafró byggir á, ef það mætti verða til þess að afstýra þeirri hrikalegu vá sem nú knýr dyra í rekstri ykkar og örvæntingu hjá íbúum hinna dreifðu byggða.

Helstu athugasemdir við forsendur ráðgjafarinnar eru þessar:

1. Meðalþyngdartölur fimm elstu árganganna eru vanmetnar. Útilokað er að 10 til 14 ára fiskar hafi meðalþyngd á bilinu 5,8 kg upp í 6,9 kg. Að 11 ára þorskur sem hafði meðalþyngdina 10,8 kg 2004, mælist nú 6,9 kg. Tveimur árum fyrr gerðist hið gagnstæða að meðalþyngd 11 ára þorsks var 10,4 kg en hann var orðinn 18,1 kg fjórum árum síðar.




Sveiflur sem þessar er illmögulegt að skilja öðru vísi en svo að mælingar, og þar með tölur sem aflaráðgjöf Hafró er byggð á, séu rangar.

Ekki er hægt að sætta sig við, þegar sagt er að 40% ástæðunnar fyrir skerðingu sé vegna þess að fiskurinn sé að léttast, annað en

sjávarútvegsráðherra skipi sérfróða aðila til að yfirfara gögnin þar sem upplýst verði hvar fiskurinn var veiddur, í hvaða veiðarfæri, hver var lengd hans og þyngd, svo eitthvað sé nefnt.

Meðalþyngd í afla eftir aldri




2. Nýliðun í langtímameðaltali er 179 milljónir, sem spannar yfir hálfra öld, telur stofnunin viðunandi nýliðun. Við þetta langtímameðaltal er rétt að gera þá athugasemd að það eru aðeins 6 ár sem bera uppi meðaltalið og öll eru þau í órafjarlægð, 1955, 1964, 1970, 1973, 1983 og 1984. Þegar árgangar þorsks á tímabilinu frá 1985 til og með 2003 eru skoðaðir er meðaltalsfjöldi nýliða á bakvið þá 131 milljón, og aðeins árið 1997 fer upp fyrir það meðaltal sem Hafrannsóknastofnunin telur viðunandi. Nýliðun þessa 22 ára tímabils er því óviðunandi að mati stofnunarinnar. Því til staðfestingar vitna ég til kynningar stofnunarinnar á nýliðun en þar segir: „Nýliðun síðustu 6 ára er slök, langt undir langtímameðaltali. Engir meðalárgangar, eins og mældust 1997 til 2000, í farvatninu“.

Ég álít að sú mynd sem stofnunin setti fram til að styðja skoðun sína og fá hljómgrunn fyrir hana sé afar villandi. Beita rauðra ljósa blikka á henni og gerir þá sem gefast ekki tími til nánari skoðunar skelkaða. Inn í þá stimplast slök nýliðun sl. 6 ára sem bera uppi árgangana 1998 til og með 2003. Þar er líka fullýrt að engir meðalárgangar séu í farvatninu. Slík fullyrðing er út í hött og veit ég ekki hvaða tilgangi hún þjónar. Frekar hefði verið hægt að segja – **tíðar skyndilokanir að undanförmu og góð**

**aflabrögð benda til þess að sterkir árgangar séu að koma inn í veiðina.**


Lítum þá til mynda Hafrannsóknastofnunar og mynd sem sýnir sömu tölur frá 1985.

■ „Nýliðun síðustu 6 ára er slök, langt undir langtímameðaltali  
Engir meðalárgangar, eins og mældust 1997 til 2000, í farvatninu“ (Hafró jún 2007)




Úr kynningarefni Hafró – júní 2007

**Þorskur - nýliðun - milljónir**





Til að styrkja það sem sagt var hér áðan tel ég rétt að birta yfirlit um




skyndilokanir á þorski tímabilið 1999 til 2007 eða til 15. október sl. Á myndinni er einnig ferill sem sýnir hlutfall 3 ára fisks í stofnstærð. Þær tölur eru unnar upp úr skýrslu Hafrannsóknastofnunar eins og aðrar tölur um meðalþyngd, nýliðun og hrygningarstofn. Það er athyglisvert hversu mikil fylgni er milli þessara stærða eða allt til þess að kemur að síðasta ári, þá myndast öfugt hlutfall, skyndilokunum fjölgar en hlutfall smáfisks minnkar. Freistandi er því að álykta að eitthvað hafi farið úrskeiðis hjá vísindamönnum, en að sama skapi styrkir fjölgun skyndilokana viðhorf sjómanna um stöðu þorskstofnsins.


- Þátturinn sem ég nefni hér fjallar um hrygningarstofninn. Þar var ekki síður en í nýliðuninni að ýtt var duglega við tilheyrendum Hafrannsóknastofnunar er þeir kynntu skýrslu sína 2. júní sl. Langtímameðaltalið sýndi að frá því farið var að stjórna fiskveiðum með aflakvótum hefur hrygningarstofn ekki náð langtímameðaltali sem eru 300 þúsund tonn reiknað frá 1955 til 2007. Aðeins 3 ár eftir 1964 ná að fara yfir meðaltalið. Það er því með ólíkindum að sú tala sé það sem gengið er út frá þegar ástand hrygningarstofnsins er metið.

Eins og í nýliðuninni skoðaði ég nútímann og stillti, gætti að því hvað hann sýndi. Óumdeilt – hrygningarstofninn er miðað við það tímabil í vexti og 2005 var hann í sögulegu hámarki á þessu 22 ára tímabili

228 þúsund tonn. Það er því ekki óeðlilegt að draga þá ályktun að þar sé ekki slæm staða, heldur gefur stærð hrygningarstofnsins fulla ástæðu til bjartsýni. Næstu 2 myndir sýna glögg sem hér er lýst.



Úr kynningarefni Hafró – júní 2007



Hér á undan hef ég vikið að þáttum í aflaráðgjöf Hafró sem ég er ekki sáttur við. Gagnrýni mín er viðbót við þær skoðanir umbjóðenda minna að skynja ástand þorsstofnsins með öðrum hætti en vísindamenn Hafrannsóknastofnunar. Ég tel það afar mikilvægt að sjávarútvegsráðherra skipi nefnd til að fara yfir aflaráðgjöf stofnunarinnar, auk þess sem hann hefji nýtt togararall sem grundvallað verði á sömu forsendum og það rall sem stofnunin hefur stuðst við undanfarna áratugi. Niðurstöður þess myndu nýtast til að bera saman við það sem lesið var út út röllum á upphafsárum þess.

Að lokum ítreka ég skoðun Landssambands smábátæigenda þar sem því er beint til sjávarútvegsráðherra að auka nú þegar veiðiheimildir í þorski. Ljóst er að margar útgerðir þola ekki skerðinguna, auk þess sem hún ógnar fjölmörgum þáttum sjávarútvegsins sem leiða til mikilla vandræða fyrir hinar dreifðu byggðir víðsvegar um landið. 63 þúsund tonn eru einfaldlega of mikið, ekki síst þegar ákvörðunin er einvörðungu byggð á skoðunum vísindamanna Hafrannsóknastofnunar sem er eins og hér hefur verið sýnt langt í frá að vera yfir gagnrýni hafnar.